

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Breyting á svæðisskipulagi  
höfuðborgarsvæðisins - breytt vaxtamörk á  
Álfsnesi***

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 vegna breyttra vaxtamarka á Álfsnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg, í samstarfi við nágrannasveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hefur undanfarin ár unnið að því að finna nýjan stað fyrir efnivinnslu og hafnaraðstöðu Björgunar. Það er mikilvægt að áfram verði starfsskilyrði fyrir fyrirtæki eins og Björgun á höfuðborgarsvæðinu, til að þjóna uppbyggingu og mannvirkjagerð. Með því er stuðlað að hagkvæmari þróun byggðar og dregið verulega úr umhverfisáhrifum uppbyggingar. Með staðsetningu slíks fyrirtækis nálægt stærstu byggingarsvæðum landsins, er hægt að spara verulega í akstursvegalengdum og þar með draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutning efnisins. Á fyrri stigum vinnunnar var farið í ítarlegt mat á valkostum sem náði til alls höfuðborgarsvæðisins og var niðurstaða þess mats sú að ásættanlegasta staðsetningin væri á Álfsnesi við Þerneyjarsund. Það er hinsvegar ljóst að fyrirhugað athafnasvæði Björgunar er staðsett í grennd við mikilsverðar menningarminjar sem vert er að vernda og halda á lofti á komandi árum. Því er lagt til að hafin verði undirbúningur að því að skilgreina hverfisvernd fyrir þau þrjú minjasvæði sem finna má í grennd við fyrirhugað athafnasvæði Björgunar; Kauphöfn við Þerneyjarsund, Sundakot og Glóra. Ekki er lagt til að hverfisverndarsvæði verði fest í aðalskipulagi nema í tengslum við skipulag Sundabrautar og ákvörðun um endanlega legu brautarinnar þegar frumhönnun framkvæmdar liggur fyrir.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í umsögn Minjastofnunar, vegna auglýstra skipulagstillagna í tengslum við breytingu vaxtamarka á Álfsnesi, segir m.a. að staðsetning í Álfsnesvík muni hafa eyðileggjandi og óafturkræf áhrif á þá minjaheild sem bæjarstæði Glóru minjar um kaupstað við Þerneyjarsund og bæjarstæði Sundakots mynda á Álfsnesi vestanverðu. Svo virðist vera að tekið hafi verið

tillit til flestra ábendinga stofnunarinnar. Skipulagsstofnun bendir samt á að framkvæmdin muni raska þeirri minjaheild sem finna má á vestanverðu Álfsnesi og að áhrif á menningarminjar verði verulega neikvæð, bein og óafturkræf. Sundabraut á að koma austanmegin á Álfsnesi og hefur Minjastofnun ekki sett sig á móti henni því vegurinn og veghelgunin raskar ekki þessari minjaheild. Sama má segja um uppbyggingu SORPU bs. á svæðinu – uppbygging hennar raskar ekki minjaheildinni. Minjastofnun fullyrðir að uppbygging á hafnarmannvirkjum og iðnaði á þessu svæði raski minjaheildinni þrátt fyrir þær breytingar og tilfærslur sem eru hér til umræðu. Á meðan pólitísk áform meirihlutans í Reykjavík um að tefja enn frekar uppbyggingu Sundabrautar liggur fyrir að vinnsla á þessu svæði mun auka til muna umferð vegna þungaflutninga um Mosfellsbæ sem nú þegar eru miklir með tilheyrandi mengun.

Helga Björk Laxdal  
e.u.